



Áfanganúmer: FRAN1DF09 / SPÆN1ST09 / ÞÝSK1CF09

Prep: 1

Einingar: 9

Forkröfur: Engar

Lýsandi heiti: Grunnatriði í málfræði, málnotkun og menningu tungumálsins.

Áfangalýsing:

Um er að ræða byrjunarnám og er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Frá upphafi fá nemendur þjálfun í færniþáttunum fjórum: tali, hlustun, ritun og lesskilningi. Áhersla er lögð á framburð, grunnatriði málnotkunar og uppbyggingu orðaforða tungumálsins. Nemendur vinna með ýmis konar kennsluefni, lesa einfalda texta og leysa ýmis verkefni þar að lútandi. Einnig er myndefni fléttað inn í kennsluna eftir föngum. Nemendur kynnast menningu, siðum og staðháttum viðkomandi málsvæða. Hvatt er til sjálfstæðis nemenda í vinnubrögðum og að þeir nýti sér ýmis hjálpargögn, s.s. orðabækur, málfræðibækur og Netið við upplýsingaöflun. Í lok ársins eiga nemendur að hafa náð kunnáttu upp á stig A1-A2 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná leikni- og hæfnimarkmiðum áfangans.
- helstu grundvallarþáttum málkerfis viðkomandi tungumáls s.s. framburði, tónfalli og einfaldri. setningaskipan.
- ólíkum textagerðum og mismun á töluðu og rituðu máli.
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem viðkomandi tungumál er talað sem móðurmál eða fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur.
- einföldum samskiptum og tjáningu í mæltu og rituðu máli.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt, t.d. leiðbeiningar og fyrirmæli, uppástungur og stuttar frásagnir og skilið helstu kveðjur og kurteisisásvörp.
- skilja texta sem innihalda orðaforða sem tengist nemandanum, umhverfi hans og áhugamálum og vinna úr þeim á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni.
- taka þátt í samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á, tjá sig á um tilfinningar sínar og viðhorf og beita kurteisis- og málvenjum við hæfi.
- segja frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni, athöfnum og atburðum daglegs lífs með því að beita orðaforða og framburði á réttan hátt.
- geta skrifað samfelldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi, persónuleg bréf og póstkort, skilaboð, boðskort, leiðarlýsingar og samtöl.
- segja frá einföldum atburðum og fyrirætlunum sínum.
- nýta sér ýmis hjálpargögn í tungumálanáminu.

Hæfniviðmið
Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
• greina upplýsingar í mæltu máli og skilja talað mál um kunnugleg efni. • beita mismunandi aðferðum til að skilja einfalda texta. • tjá sig munnlega við tiltekna aðstæður í samskiptum og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum. • segja frá persónulegum högum og miðla á einfaldan hátt eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu. • skrifa einfalda texta byggða á persónulegri og ímyndaðri reynslu. • miðla á einfaldan hátt efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á í ræðu og riti.

Mat á hæfniviðmiðum
Sjá námsáætlun